




Eftirspil

Largo

G. F. Händel



Sólveig Guðmundsdóttir

Fædd 22. júní 1936

Dáin 25. ágúst 2024



Prestur: Haraldur M. Kristjánsson
Organisti: Guðjón Halldór Óskarsson
Einsöngur: Gísli Stefánsson & Katrín Valdís
Hjartardóttir
Kór: Öðlingarnir
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og
bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn
lokinni á Hótel Dyrhólaey**

Jarðsett verður í Skeiðflatarkirkjugarði



Prentun: Litróf

Útför frá Skeiðflatarkirkju
föstudaginn 13. september 2024

Forspil

Air

J. S. Bach

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörmur og sól,
hljómi samt harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Matthías Jochumsson / Adams

Ritningarlestur

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!
Engið, fjöllin, áin þín,
– yndislega sveitin mín! –
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!

Fjalladrottning, móðir mín!
mér svo kær og hjartabundin;
sæll ég bý við brjóstin þín,
blessuð aldna fóstura mín!
Hér á andinn óðul sín
öll, sem verða á jörðu fundin.
Fjalladrottning, móðir mín,
mér svo kær og hjartabundin!

Sigurður Jónsson / Bjarni Þorsteinsson

Guðspjall

Einsöngur og kór

Ave Maria

Indriði Einarsson / S. Kaldalóns

Minningarorð

Einsöngur og kór

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason

Bæn

Einsöngur

Amazing Grace

John Newton

Faðir vor

Einsöngur og kór

Sú rödd var svo fögur, svo hugljúf og hrein
sem hljómaði til mín úr dálitlum runni.
Hún sat þar um nætur og söng þar á grein
svo sólfögur ljóð um svo margt sem ég unni.
Og kvöld eftir kvöld hóf hún ástarljóð ein.
Ó ef að þú vissir hve mikið hún kunni.

En fjarri' er nú söngur þinn, sólskríkjan mín,
og sumur þín vinar hin fegurstu liðin.
Hann langar svo oft heim á Þórsmörk til þín,
hann þráir svo ljóðin og vornæturfriðinn.
Hann harmar í skógunum hrjósturlönd sín,
hann hlustar sem gestur á náttgalakliðinn.

Þorsteinn Erlingsson / Jón Laxdal

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Hallgrímur Pétursson

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Blessun